



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
Erindi nr. P 143/1142
komudagur 20.2.2014

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seyðisfirði 19. febrúar 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaðar embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur). 251. mál.

Almennt

Það er skoðun bæjarráð Seyðisfjarðar að afar mikilvægt sé að efla löggæslu á Seyðisfirði og koma upp að nýju lögregluvarðstofu á Seyðisfirði. Með frumvörpum til laga um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði og frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur) verður sýslumaður á Seyðisfirði ekki lengur lögreglustjóri og reyndar óvissa um hvort á Seyðisfirði verði sýslumaður. Vegna þess er óhjákvæmilegt að tekið verði til skoðunar að opna að nýju lögreglustöð á Seyðisfirði. Í því sambandi er bent á almannavarnarmál þar sem víða getur skapast ofanflóðahætta í firðinum bæði í þéttbýlinu og dreifbýli. Jafnframt er minnt á viðbragðsáætlun og viðbragðsþörf vegna ferjusiglinganna og skemmtiferðaskipa og erfiðar og óvissar samgöngur um Fjarðarheiði. Dæmi eru um allt að 50 daga lokun heiðarinnar á 5 mánaða tímabili sem eru ekki endilega einsdæmi, að vetrarlagi og einmitt við þær aðstæður eru mestar líkur á ofanflóðahættu. Við þær aðstæður sem lýst er að framan hefur sýslumaður sem lögreglustjóri verið til staðar þó lögreglumenn kæmust ekki frá Egilstöðum. Með aðskilnaði er ekki lengur tryggt að löggæsla sé til staðar sem við slíkar aðstæður er ekki boðlegt.

Athugasemdir við einstaka greinar.

3. gr.

Bæjarráð Seyðisfjarðar gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í 8 umdæmi né að ráðherra með reglugerð ákveði staðsetningu aðalstöðva lögreglu og lögreglustöðva. Bæjarráð leggur áherslu á að vegna aðskilnaðar embætta sýslumanna og lögreglustjóra með þeim afleiðingum sem greint er frá í upphafi umsagnarinnar verði opnuð mönnuð lögreglustöð á Seyðisfirði. Ráða þar um einkum öryggissjónarmið og sjónarmið um almannareglu.

6. gr.

Bæjarráð fagnar áformum sem fram koma í greininni um reglulegt samráð við sveitarfélög með samstarfsnefndum eins og lýst er í greininni.

Lokaorð

Bæjarráð Seyðisfjarðar minnir á hvað hlutverk lögreglunnar er mikilvægt varðandi allt sem viðkemur almannavörnum. Það er mikill ábyrgðarhluti verði ekki gerðar sérstakar ráðstafanir hvað varðar löggæslu á Seyðisfirði með tilliti til almannavarna og reglu í framhaldi af aðskilnaði embættanna verði frumvörpin að lögum. Í því sambandi er enn og aftur minnt á

aðstæður vegna erfiðra samgangna. Bæjarráð leyfir sér að benda á að húsnæði ÁTVR sem áður var lögreglustöð er ekki allt nýtt í rekstur vínbúðar og ef til vill væri möguleiki á að samnýta húsnæðið. Ábendingin er sett fram með fyrirvara um að bæjarráðinu er ekki ljóst hvort húsnæðið eins og það er nú eða fyrirkomulagið teljist hentugt. Bæjarráð lýsir að lokum ánægju með fjölgun lögreglumanna á starfsvæðinu og hvetur stjórnvöld til að huga frekari eflingu lögreglunnar á svæðinu og fastri viðveru lögreglumanna á Seyðisfirði.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Seyðisfjarðar


Vilhjálmur Jónsson

Afrit: Innanríkisráðherra
Þingmenn Norðausturkjördæmis